



Umhverfisvottað Vesturland

Menja von Schmalensee

Náttúrustofu Vesturlands, menja@nsv.is

Mannkynið allt stendur nú á ákveðnum tímamótum og er nauðsynlegt að taka marga grunnþætti lífennis okkar til endurskoðunar til að draga úr neikvæðum áhrifum okkar á jörðina. Íslenskt samfélag hefur að auki orðið fyrir skakkaföllum en mikilvægt er að uppbygging og framtíð landsins sem og öll framþróun samfélagsins byggji á sjálfbærni.

Umhverfisvottun á starfsemi sveitarfélaga er ein leið til aukinnar sjálfbærni í lifnaðarháttum okkar og hefur jafnframt í för með sér margvísleg jákvæð áhrif á atvinnu- og mannlíf.

Vottunarferlið felur í sér úttekt óháðs aðila, sem tryggir gæðastjórnun, aðhald og eftirfylgni og eykur því líkur á árangri. Aðkoma óháðs aðila eykur einnig trúverðugleika þess sem gert er og getur umhverfisvottun, þar sem veitt er umhverfismerki, því verið öflugt tól til kynningar og markaðssetningar. Auk beins ávinnings fyrir umhverfið getur umhverfisvottun haft áhrif á fjölmarga þætti samfélagsins með því að bæta yfirsýn og stuðla að sparnaði í rekstri, auk þess sem hún bætir ímynd og veitir þannig ferðapjónustu- og útflutningsgreinum samkeppnisforskot.

Lagt er til að Vesturland allt verði umhverfisvottað samfélag með því að votta starfsemi sveitarfélaga líkt og gert hefur verið á Snæfellsnesi undanfarin ár. Þar hefur orðið til þekking og reynsla sem segir okkur að um raunhæft markmið sé að ræða. Hafa ber í huga að vottunin segir ekki að við höfum náð fullkomnun, heldur að við höfum mótað okkur framtíðarsýn og vinnum að stöðugum úrbótum. Umhverfisvottun Vesturlands yrði mikilvægt skref í þá átt að Ísland allt yrði umhverfisvottað, fyrst allra landa í heiminum. Tækifærin sem það gæti skapað virðast óþrjótandi.